

## TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2002/19/EB

2006/EES/30/17

frá 7. mars 2002

## um aðgang að rafrænum fjarskiptanetum og samtengingu þeirra og tilheyrandi aðstöðu (tilskipun um aðgang) (\*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFNA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB frá 7. mars 2002 um sameiginlegan regluramma fyrir rafræn fjarskiptanet og -þjónustu (rammatilskipun) <sup>(4)</sup> er mælt fyrir um markmið regluramma sem á að taka til rafrænna fjarskiptaneta og -þjónustu í bandalaginu, þ.m.t. fóst fjarskiptanet og farfjarskiptanet, kapalsjónvarpsnet, net notuð til að útvarpa á jörðu niðri, gervitunglanet og net sem útvarpa á Netinu, hvort sem um er að ræða tal, símbref, gögn eða myndir. Aðildarríkin kunna að hafa heimilað slík net með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/20/EB frá 7. mars 2002 um heimild fyrir rafrænum fjarskiptanetum og -þjónustu (heimildartilskipun) <sup>(5)</sup> eða þau kunna að hafa verið heimilúð samkvæmt fyrri reglum. Ákvæði þessarar tilskipunar gilda um þau net sem notuð eru til að veita rafræna fjarskiptaþjónustu sem er öllum aðgengileg. Þessi tilskipun fjallar um aðgangs- og samtengingarfyrikomulag milli þjónustuveitenda. Samkvæmt þessari tilskipun gilda engar skyldur um net sem ekki eru almenn nema þau

njóti góðs af aðgangi að almennum netum en þá kunna þau að vera háð skilyrðum sem aðildarríkin mæla fyrir um.

2) Þjónusta, þar sem t.d. er boðinn til sölu pakki með hljóð- eða sjónvarpsefni, fellur ekki undir sameiginlega reglurammann um rafræn fjarskiptanet og þjónustu.

3) Hugtakið „aðgangur“ hefur víðtækt merkingarsvið og því er nauðsynlegt að skilgreina nákvæmlega hvernig það hugtak er notað í þessari tilskipun án þess að það hafi áhrif á hvernig það kann að vera notað í öðrum ráðstöfunum bandalagsins. Rekstraraðili getur átt netið eða aðstöðuna sem er til grundvallar eða leigt að hluta til eða öllu leyti.

4) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/47/EB frá 24. október 1995 um notkun staðla um merkja-sendingar fyrir sjónvarp <sup>(6)</sup> voru ekki fyrirmæli um tiltekið stafrænt sjónvarpssendingarkerfi eða kröfur um þjónustu og veitti það aðilum á markaðnum tækifæri til að taka frumkvæði og þróa hentug kerfi. Fyrir tilstilli samstarfshópsins um stafrænt sjónvarp (Digital Video Broadcasting Group) hafa aðilar á evrópska markaðnum þróað hóp sjónvarpssendingarkerfa sem útvarpsstöðvar um allan heim hafa tekið í notkun. Þessi sendingarkerfi hafa verið stöðluð af Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu (ETSI) og Alþjóðafjarskiptasambandið (ITU) mælir nú með þeim. Þegar um er að ræða stafrænt breiðskjás-sjónvarp er skjáhlutfallið 16:9 viðmiðunarsnið fyrir sjónvarpsþjónustu og dagskráefni með breiðskjás-sniði og hefur nú verið tekið upp á mörkuðum aðildarríkjanna í kjölfar ákvörðunar ráðsins 93/424/EBE frá 22. júlí 1993 um aðgerðaáætlun við að innleiða háþróaða sjónvarpsþjónustu í Evrópu <sup>(7)</sup>.

5) Á fjálsam samkeppnismarkaði ættu ekki að vera neinar takmarkanir sem koma í veg fyrir að fyrirtæki geri samninga sín á milli um aðgangs- og samtengingarfyrikomulag, einkum samninga yfir landamæri með fyrirvara um samkeppnisreglur

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. EB L 108, 24.4.2002, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 11/2004 frá 6. febrúar 2004 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun), X. viðauka (Hljóð- og myndmiðlun) og XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 20, 22.4.2004, bls. 14.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB C 365 E, 19.12.2000, bls. 215 og Stjtið. EB C 270 E, 25.9.2001, bls. 161.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB C 123, 25.4.2001, bls. 50.

<sup>(3)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 1. mars 2001 (Stjtið. EB C 277, 1.10.2001, bls. 72), sameiginleg afstaða ráðsins frá 17. september 2001 (Stjtið. EB C 337, 30.11.2001, bls. 1) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 12. desember 2001 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB). Ákvörðun ráðsins frá 14. febrúar 2002.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 108, 24.4.2002, bls. 33.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 108, 24.4.2002, bls. 21.

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB L 281, 23.11.1995, bls. 51.

<sup>(7)</sup> Stjtið. EB L 196, 5.8.1993, bls. 48.

- sáttmálans. Með það fyrir augum að ná fram skilvirkari, samevrópskum markaði í raun, með virkri samkeppni, meira vali og samkeppnishæfri þjónustu við neytendur, ætti það að vera meginregla fyrirtækja, sem fá beiðnir um aðgang eða samtengingu, að gera slíka samninga á viðskiptagrundvelli og í góðri trú.
- 6) Á mörkuðum þar sem enn er mikill munur á samningsstöðu fyrirtækja og þar sem fyrirtæki reiða sig á grunnvirki annarra til að afhenda þjónustu sína er rétt að setja upp ramma til að tryggja að starfsemi markaðarins sé með skilvirkum hætti. Innlent stjórnvald skal, ef viðskiptaviðræður bera ekki árangur, hafa vald til að tryggja fullnægjandi aðgang og samtengingu og rekstrarsamhæfi þjónustu til hagsbóta fyrir endanlega notendur. Því er einkum heimilt að tryggja tengingu enda á milli með því að leggja hlutfallsbundnar skyldur á fyrirtæki sem stjórna aðgangi endanlegra notenda. Að stjórna aðgangi getur falið í sér eignarhald eða yfirráð yfir efnislegum hluta rauntengingar við endanlega notandann (um föst net eða farnet) og/eða möguleika á að breyta eða afturkalla eitt eða fleiri innlend númer sem þarf til að fá aðgang að nettengipunkti endanlega notandans. Sú væri t.d. raunin ef rekstraraðilar neta myndu takmarka með óeðlilegum hætti val endanlegra notenda á aðgangi að Netgáttum og -þjónustu.
- 7) Innlendir laga- eða stjórnsýsluráðstafanir, sem fela í sér að skilmálar og skilyrði fyrir aðgangi eða samtengingu eru tengdir við starfsemi aðilans sem leitar eftir samtengingu og einkum umfangi fjárfestingar hans í netgrunnvirkjum en ekki samtengingar- eða aðgangspjónustunni sem er veitt, geta valdið röskun á markaðnum og eru því hugsanlega ekki í samræmi við samkeppnisreglur.
- 8) Rekstraraðilar neta, sem stjórna aðgangi að eigin viðskiptavinum, gera það með einstæðum númerum eða vistföngum úr númera- eða vistfangaröð sem birt hefur verið. Aðrir rekstraraðilar neta þurfa að geta veitt umferð til þessara viðskiptavina og því þurfa rekstraraðilarnir að geta tengst saman með beinum eða óbeinum hætti. Viðhalda skal því réttindum og skyldum, sem fyrir eru, um að semja um samtengingu. Einnig er rétt að viðhalda þeim skyldum sem áður var mælt fyrir um í tilskipun 95/47/EB þar sem þess er krafist að rafræn fjarskiptanet, sem eru að öllu leyti stafræn og eru notuð til dreifingar á sjónvarpsþjónustu og opin almenningi, verði að vera þannig að unnt sé að dreifa um þau sjónvarpsþjónustu og dagskrárefni fyrir breiðskjá þannig að notendur geti tekið á móti slíku efni á því sniði sem það er sent á.
- 9) Rekstrarsamhæfi er til hagsbóta fyrir endanlega notendur og er mikilvægt markmið þessa regluramma. Eitt af markmiðum innlands stjórnvalds er að hvetja til rekstrarsamhæfis eins og fram kemur í þessum ramma þar sem einnig er kveðið á um að framkvæmdastjórnin skuli birta skrá yfir staðla og/eða forskriftir, sem ná til veitingu þjónustu, tæknilegra skilflata og/eða netaðgerða, sem grundvöll til að hvetja til samhæfingar rafrænna fjarskipta. Aðildarríkjunum ber að hvetja til notkunar á birtum stöðlum og/eða forskriftum að því marki sem er alveg nauðsynlegt til að tryggja rekstrarsamhæfi þjónustu og auka valfrelsi notenda.
- 10) Ekki er víst að samkeppnisreglur einar og sér nægi til að tryggja menningarlega fjölbreytni og margbreytileika fjölmiðla á sviði stafræns sjónvarps. Í tilskipun 95/47/EB var kveðið á um upphaflegan regluramma fyrir stafræna sjónvarpsíðnaðinn í mótun sem ber að viðhalda, einkum skyldunni um að veita skilyrtan aðgang með skilmálum sem eru réttlátir, sanngjarnir og án mismununar, í því skyni að tryggja fjölbreytt úrval dagskrárgerðar og þjónustu. Þróun tækni og þróun markaðarins gerir það að verkum að nauðsynlegt er að endurskoða þessar skyldur reglulega, annaðhvort af hálfu aðildarríkis fyrir innlandan markað eða framkvæmdastjórnarinnar fyrir bandalagið, einkum til að ákvarða hvort rökstuðningur sé fyrir hendi til að láta skyldur ná til nýrra gátta, eins og rafrænna dagskrárvísa og skilflata notkunarforrita eftir því sem þurfa þykir til að tryggja aðgang endanlegra notenda að tiltekinni stafrænni hljóð- og sjónvarpsþjónustu. Aðildarríkjum er heimilt að tilgreina þá stafrænu hljóð- og sjónvarpsþjónustu sem tryggja verður aðgang endanlegra notenda að með hvers kyns laga- eða stjórnsýsluáðgerðum sem þau telja nauðsynlegar.
- 11) Aðildarríkin geta einnig leyft innlendu stjórnvaldi að endurskoða skyldur, að því er varðar skilyrtan aðgang að stafrænni hljóð- og sjónvarpsþjónustu, í því skyni að meta með markaðsgreiningu hvort afturkalla eigi eða breyta skilyrðum sem sett eru rekstraraðilum sem ekki hafa verulegan markaðsstyrk á viðkomandi markaði. Slík afturköllun eða breyting skal ekki hafa neikvæð áhrif á aðgang endanlegra notenda að slíki þjónustu eða framtíðarhorfur fyrir virka samkeppni.
- 12) Í því skyni að tryggja áframhald á samningum sem fyrir eru og til að koma í veg fyrir lagalegt tómarúm er nauðsynlegt að tryggja að skyldurnar um aðgang og samtengingu, sem lagðar eru á skv. 4., 6., 7., 8., 11., 12., og 14. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 97/33/EB frá 30. júní 1997 um samtengingu í fjarskiptum til að tryggja altæka þjónustu og rekstrarsamhæfi með því að beita meginreglum um

frjálsan aðgang að netum (ONP) <sup>(1)</sup>, skyldurnar um sérstakan aðgang, sem lagðar eru á skv. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/10/EB frá 26. febrúar 1998 um frjálsan aðgang að netum (ONP) fyrir talsímabjónustu og altæka fjarskiptabjónustu í samkeppnisumhverfi <sup>(2)</sup>, og skyldur um framboð á flutningsgetu leigulína samkvæmt tilskipun ráðsins 92/44/EB frá 5. júní 1992 um skilyrði fyrir frjálsum aðgangi að netum fyrir leigulínur <sup>(3)</sup>, flytjist í upphafi yfir í nýja regluramman en séu samt sem áður endurskoðaðar tafarlaust í ljósi ríkjandi markaðs- aðstæðna. Slík endurskoðun skal einnig ná til þeirra fyrirtækja sem fjallað er um í reglugerð (EB) Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2887/2000 frá 18. desember 2000 um sundurgreindan aðgang að heimtaugum <sup>(4)</sup>.

- 13) Við endurskoðunina skal nota efnahagslega markaðs- greiningu sem byggist á aðferðafræði samkeppnis- löggjafar. Markmiðið er að draga smám saman yfir fyrir fram settum reglum, sem eru sértækar fyrir ákveðin svið, eftir því sem samkeppnin á markaðnum þróast. Hins vegar tekur málsmeðferðin einnig tillit til tímabundinna vandamála markaðarins, svo sem þeirra sem tengjast alþjóðlegu reiki, og þeim möguleika að nýyr flöskuhálsar myndist í kjölfar tækniþróunar, sem kann að útheimta að reglur séu settar fyrir fram, t.d. á sviði bandbreiðra aðgangsneta. Sú kann að verða raunin að samkeppni þróist mishratt í hinum ýmsu hlutum markaðarins og í mismunandi aðildarríkjum og innlendu stjórnvaldi ætti að vera kleift að slaka á eftirlitsskyldum á þeim mörkuðum þar sem samkeppnin skilar þeim árangri sem sóst er eftir. Framkvæmdastjórninni ber að tryggja samhæfða beitingu ákvæða þessarar tilskipunar í því skyni að tryggja að markaðsaðilar, sem búa við svipaðar aðstæður, hljóti sömu meðferð í mismunandi aðildarríkjum. Innlend stjórnvöld og innlend yfirvöld, sem falin er framkvæmd samkeppnislöggjafar, skulu, eftir því sem við á, samræma aðgerðir sínar til að tryggja að því úrræði, sem best á við, sé beitt. Bandalagið og aðildarríki þess hafa tekið á sig skuldbindingar varðandi samtengingu fjarskiptaneta með skírskotun til samnings Alþjóðaviðskipta- stofnunarinnar um grunnfjarskipti og nauðsynlegt er að standa við þessar skuldbindingar.
- 14) Í tilskipun 97/33/EB var mælt fyrir um ýmsar skyldur sem lagðar eru á fyrirtæki með verulegan markaðs- styrk, þ.e. um gagnsæi, bann við mismunun, aðskilið bókhald, aðgang og verðlagseftirlit, þ.m.t. kostnaðar- tenging. Viðhalda skal þessum hugsanlegu skyldum en til viðbótar fastsetja þær sem hámarksskyldur sem

unnt er að leggja á fyrirtæki til þess að koma í veg fyrir of mikla reglusetningu. Í því skyni að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar eða fara að lögum bandalagsins kann í undantekningartilvikum að vera viðeigandi að leggja aðgangs- eða samtengingar- skyldur á alla markaðsaðila sem eins og stendur er raunin að því er varðar skilyrt aðgangskerfi fyrir stafræna sjónvarpsbjónustu.

- 15) Að leggja sérstaka skyldu á fyrirtæki, sem hefur verulegan markaðsstyrk, útheimtir ekki viðbótar- markaðsgreiningu heldur rökstuðning fyrir því að skyldan, sem um er að ræða, sé viðeigandi og í réttu hlutfalli við vandamálið sem skilgreint hefur verið.
- 16) Gagnsæi skilmála og skilyrða fyrir aðgangi og samtengingu, þ.m.t. verð, þjónar þeim tilgangi að flýta fyrir samningaviðræðum, koma í veg fyrir ágreining og stuðla að tiltrú markaðsaðila á því að ekki sé um að ræða mismunun við veitingu þjónustunnar. Það að tæknilegir skilflétir séu opnir og gagnsæir getur verið sérstaklega mikilvægt til að tryggja rekstrarsamhæfi. Ef innlent stjórnvöld leggur á skyldur um að gera upplýsingar aðgengilegar almenningi er því einnig heimilt að tilgreina með hvaða hætti skuli gera upplýsingarnar aðgengilegar, sem nær t.d. til tegundar birtingar (á pappír og/eða rafrænu formi) og hvort hún sé án endurgjalds eða ekki, að teknu tilliti til eðlis og tilgangs upplýsinganna sem um er að ræða.
- 17) Meginreglan um bann við mismunun tryggir að fyrirtæki með markaðsstyrk raski ekki samkeppni, einkum ef um er að ræða lóðrétt, samþætt fyrirtæki sem veita fyrirtækjum þjónustu sem þau eru í samkeppni við á frálíggjandi mörkuðum.
- 18) Aðskilið bókhald gerir kleift að gera millifærslur á innra verði sýnilegar og innlendu stjórnvaldi að hafa eftirlit með skyldum um bann við mismunun eftir því sem við á. Þess vegna hefur framkvæmdastjórnin birt tilmæli 98/322/EB frá 8. apríl 1998 um samtengingu á fjarskiptamarkaði sem hefur verið gefinn frjáls (2. hluti – aðskilið bókhald og rekstrarbókhald) <sup>(5)</sup>.
- 19) Skylduna um að veita aðgang að netgrunnvirki er hægt að réttlæta með þeim hætti að um sé að ræða leið til að auka samkeppni, en innlent stjórnvöld þarf að jafna út rétt grunnvirkiseiganda til að nýta sér eigið grunnvirki í eigin þágu og rétt annarra

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 199, 26.7.1997, bls. 32. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 98/61/EB (Stjtið. EB L 268, 3.10.1998, bls. 37).

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 101, 1.4.1998, bls. 24.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 165, 19.6.1992, bls. 27. Tilskipuninni var síðast breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 98/80/EB (Stjtið. EB L 14, 20.1.1998, bls. 27).

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 366, 30.12.2000, bls. 4.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 141, 13.5.1998, bls. 6.

- þjónustuveitanda til aðgangs að búnaði sem er nauðsynlegur til að veita samkeppni í þjónustu. Ef skyldur, eru lagðar á rekstraraðila sem skylda þá til að verða við réttmætum beiðnum um aðgang að og notkun neteininga og tilheyrandi aðstöðu skal slíkur beiðnum einungis synjað á grundvelli hlutlægra viðmiðana, svo sem hvort þær séu framkvæmanlegar í tæknilegu tilliti eða nauðsyn þess að viðhalda heildstæði neta. Ef aðgangi er synjað getur sá aðili, sem synjað er, lagt málið til meðferðar til lausnar deilumála sem um getur í 20. og 21. gr. tilskipunar 2002/21/EB (rammatilskipunar). Ekki er hægt að krefjast þess að rekstraraðili, sem er skylt að veita aðgang, veiti tegund aðgangs sem ekki er á hans valdi að veita. Skyldur um aðgang sem innlent stjórnvald leggur á og auka samkeppni til skamms tíma, skulu ekki draga úr hvötum samkeppnisaðila að fjárfesta í annarri aðstöðu sem getur tryggt meiri samkeppni þegar til lengri tíma er litið. Framkvæmdastjórnin hefur birt auglýsingu um beitingu samkeppnisreglna gagnvart aðgangssamningum á fjarskiptasviði <sup>(1)</sup> sem fjallar um þessi mál. Innlent stjórnvald getur sett þeim sem veita aðgang og/eða rétthöfum aðgangs, sem fyrirskipaður hefur verið, tæknileg eða rekstrarleg skilyrði í samræmi við lög bandalagsins. Setning tæknistaðla skal einkum vera í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB frá 22. júní 1998 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta á sviði tæknistaðla og reglugerða sem og reglna um þjónustu í upplýsingasamfélaginu <sup>(2)</sup>.
- 20) Verðlagseftirlit kann að vera nauðsynlegt ef markaðsgreining á ákveðnum markaði leiðir í ljós að samkeppni er ekki skilvirk. Stjórnsýsluiflutun kann að vera tiltölulega léttvæg, t.d. að gert er að skyldu að verð fyrir forval sé hæfilegt eins og mælt er fyrir um í tilskipun 97/33/EB, eða þungvægari, t.d. að gert er að skyldu að verð sé kostnaðartengt í því skyni að færa fullnægjandi rök fyrir verði ef samkeppni er ekki nægilega mikil til að koma í veg fyrir of háa verðlagningu. Einkum skulu þeir rekstraraðilar, sem hafa verulegan markaðsstyrk, forðast verðþjöppun þar sem munurinn á smásöluverði þeirra og samtengingarverði þeirra til samkeppnisaðila, sem veita svipaða smásöluþjónustu, er ekki nægilegur til að tryggja sjálfbæra samkeppni. Þegar innlent stjórnvald reiknar út kostnaðinn við að koma á fót þjónustu sem er skyldubundin samkvæmt þessari tilskipun er rétt að gera ráð fyrir sanngjörnum hagnaðarhlut af því fjármagni sem fjárfest hefur verið, þ.m.t. launa- og byggingarkostnaður, þar sem virði fjármagnsins er endurmetið, ef þörf krefur, til að endurspeglar gildandi mat á eignum og skilvirkni rekstrarins. Aðferðin við að endurheimta kostnað skal vera viðeigandi miðað við aðstæður, að teknu tilliti til nauðsynjar þess að stuðla að skilvirkni og sjálfbærri samkeppni og að hún verði til sem mestra hagsbóta fyrir neytendur.
- 21) Ef innlent stjórnvald leggur á skyldur um að halda kostnaðarbókhald í því skyni að styðja verðlagseftirlit er því sjálfu heimilt að framkvæma árlega endurskoðun til að tryggja samræmi við þetta kostnaðarbókhald, að því tilskildu að það hafi yfir að ráða sérmenntuðu starfsfólki, eða getur krafist þess að endurskoðunin sé framkvæmd af öðrum aðila sem er til þess hæfur og óháður hlutaðeigandi rekstraraðila.
- 22) Birting upplýsinga af hálfu aðildarríkjanna mun tryggja að markaðsaðilar og hugsanlegir nýir aðilar á markaðnum skilji réttindi sín og skyldur og viti hvernig eigi að finna nákvæmar, viðkomandi upplýsingar. Birting í lögbirtingablaði gerir hagsmunaaðilum í öðrum aðildarríkjum hægara um vik að finna viðkomandi upplýsingar.
- 23) Í því skyni að tryggja að samevrópskur markaður rafrænna fjarskipta sé virkur og skilvirkur ber framkvæmdastjórninni að fylgjast með og birta upplýsingar um gjöld sem eiga þátt í því að ákvarða verð til endanlegra notenda.
- 24) Þróun markaðar rafrænna fjarskipta og grunnvirkisins, sem tengist honum, kann að hafa skaðleg áhrif á umhverfi og landslag. Aðildarríkin skulu því fylgjast með þessu ferli og, ef nauðsyn ber til, grípa til aðgerða til að draga úr öllum slíkum áhrifum með viðeigandi samningum og öðrum samþykktum við viðkomandi yfirvöld.
- 25) Í því skyni að ákvarða rétta beitingu laga bandalagsins þarf framkvæmdastjórnin að vita hvaða fyrirtæki teljast hafa verulegan markaðsstyrk og hvaða skyldur innlent stjórnvald hefur lagt á markaðsaðila. Því er nauðsynlegt að aðildarríkin sendi framkvæmdastjórninni þessar upplýsingar auk þess að birta þær innanlands. Þegar þess er krafist að aðildarríkin sendi framkvæmdastjórninni upplýsingar mega þær vera á rafrænu sniði með fyrirvara um að viðeigandi málsmeðferð við sannvottun hafi verið samþykkt.
- 26) Í ljósi þess hversu hröð tækni- og markaðspróunin er ber að endurskoða framkvæmd þessarar tilskipunar

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB C 265, 22.8.1998, bls. 2.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 204, 21.7.1998, bls. 37. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 98/48/EB (Stjtið. EB L 217, 5.8.1998, bls. 18).

innan þriggja ára frá þeim degi sem beiting hennar hefst til að skera úr um hvort markmið hennar eru uppfyllt.

27) Ráðstafanirnar, sem eru nauðsynlegar til framkvæmdar þessari tilskipun skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið <sup>(1)</sup>.

28) Þar sem aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum fyrirhugaðra aðgerða, þ.e. samhæfðum regluramma um aðgang og samtengingu rafræna fjarskiptaneta og tilheyrandi aðstöðu og þar sem vegna þess hve aðgerðirnar eru umfangsmiklar og hafa mikil áhrif, þeim verður betur náð á vettvangi bandalagsins, er bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og fram kemur í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhöfsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, ganga ákvæði þessarar tilskipunar ekki lengra en nauðsynlegt er til að ná þessum markmiðum.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

#### I. KAFLI

### GILDISSVIÐ, MARKMIÐ OG SKILGREININGAR

#### 1. gr.

#### Gildissvið og markmið

1. Í þessari tilskipun er, innan rammans sem settur er í tilskipun 2002/21/EB (rammatilskipun), samhæft með hvaða hætti aðildarríkin stýra aðgangi að og samtengingu rafræna fjarskiptaneta og tilheyrandi aðstöðu. Markmiðið er að setja regluramma í samræmi við meginreglur innri markaðarins um samband milli þeirra sem bjóða fram net og þjónustu sem mun leiða til sjálfbærrar samkeppni, rekstrarsamhæfis rafrænnar fjarskiptaþjónustu og hagsbóta fyrir neytendur.

2. Í þessari tilskipun eru ákvörðuð réttindi og skyldur rekstraraðila og fyrirtækja sem leita eftir samtengingu og/eða aðgangi að netum þeirra og tilheyrandi aðstöðu. Þar eru sett fram markmið, sem innlent stjórnvald á að ná, með tilliti til aðgangs og samtengingar og mælt fyrir um málsmeðferð til að tryggja að skyldurnar, sem innlent stjórnvald leggur á, séu endurskoðaðar og, eftir því sem við

á, afturkallaðar þegar náðst hafa þau markmið sem keppt var að. Í þessari tilskipun á aðgangur ekki við um aðgang endanlegra notenda.

#### 2. gr.

### Skilgreiningar

Í þessari tilskipun skulu skilgreiningarnar, sem settar eru fram í 2. gr. tilskipunar 2002/21/EB (rammatilskipunar), gilda.

Eftirfarandi skilgreiningar skulu einnig gilda:

a) „aðgangur“: að veita öðru fyrirtæki aðgang að aðstöðu og/eða þjónustu samkvæmt skilgreindum skilyrðum, hvort sem um er að ræða einkaaðgang eða ekki, í því skyni að veita rafræna fjarskiptaþjónustu. Hann tekur m.a. til aðgangs að einstökum neteingum og tilheyrandi aðstöðu, sem getur falið í sér tengingu búnaðar hvort sem hún er föst eða ekki (þetta tekur einkum til aðgangs að heimitaug og aðstöðu og þjónustu sem nauðsynleg er til að veita þjónustu um heimitaugina), aðgangs að efnislegu grunnvirki, þ.m.t. byggingum, stokkum og möstrum, aðgangs að viðeigandi hugbúnaðarkerfum, þ.m.t. rekstrarstuðningskerfum, aðgangs að númerafærslum eða kerfum þar sem jafngild virkni er í boði, aðgangs að föstum netum og farnetum, einkum fyrir reiki, aðgangs að skilyrtum aðgangskerfum fyrir stafræna sjónvarpsþjónustu og aðgangs að sýndarnetsþjónustu;

b) „samtenging“: efnisleg og rökleg tenging almennra fjarskiptaneta sem eitt eða fleiri fyrirtæki nota til að gera notendum eins fjarskiptafyrirtækis kleift að hafa samskipti við notendur sama eða annars fyrirtækis eða nýta sér þjónustu sem önnur fyrirtæki veita. Þjónustuna geta hlutaðeigandi aðilar veitt eða aðrir aðilar sem hafa aðgang að netinu. Samtenging er sérstök tegund aðgangs sem rekstraraðilar almennra neta sameinast um að koma á;

c) „rekstraraðili“ er fyrirtæki sem býður fram eða sem hefur heimild til að bjóða fram almennt fjarskiptanet eða tilheyrandi aðstöðu;

d) „breiðskjássjónvarpsþjónusta“ er sjónvarpsþjónusta sem samanstandur að hluta til eða að öllu leyti af dagskrárefni sem er framléitt og klippt með það fyrir augum að verða sýnt með breiðskjássniði. Sníðið 16:9 er viðmiðunarsníð fyrir breiðskjássjónvarpsþjónustu;

e) „heimtaug“ er lína sem tengir saman nettengipunkt í húsnæði áskrifanda við aðaltengigrind eða sambærilegan búnað í fasta, almenna talsímanetinu;

<sup>(1)</sup> Stjórnartíðindi EES, L 184, 17.7.1999, bls. 23. og bls. 274 í þessu tölublaði EES-viðbættis.

## II. KAFLI

## ALMENN ÁKVÆÐI

## 3. gr.

**Almennur rammi um aðgang og samtengingu**

1. Aðildarríkin skulu tryggja að ekki séu neinar takmarkanir sem koma í veg fyrir að fyrirtæki, í sama aðildarríki eða mismunandi aðildarríkjum semji sín á milli um tæknilegt og viðskiptalegt fyrirkomulag að því er varðar aðgang og/eða samtengingu í samræmi við lög bandalagsins. Fyrirtækið, sem óskar eftir aðgangi eða samtengingu, þarf ekki að hafa leyfi til reksturs í aðildarríkinu þar sem óskað er eftir aðgangi eða samtengingu ef það veitir ekki þjónustu og rekur ekki net í því aðildarríki.

2. Með fyrirvara um 31. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/22/EB frá 7. mars 2002 um alþjónustu og réttindi notenda að því er varðar rafræn fjarskiptanet og -þjónustu (tilskipunar um alþjónustu)<sup>(1)</sup>, skulu aðildarríkin ekki viðhalda laga- eða stjórnsýsluákvæðum sem skylda rekstraraðila, við veitingu aðgangs eða samtengingar, að bjóða mismunandi fyrirtækjum mismunandi skilmála og skilyrði fyrir sambærilega þjónustu og/eða leggja á skyldur sem ekki tengjast aðgangs- og samtengingarþjónustunni sem veitt er, með fyrirvara um skilyrðin sem sett eru í viðaukanum við tilskipun 2002/20/EB (heimildartilskipun).

## 4. gr.

**Réttindi og skyldur fyrirtækja**

1. Rekstraraðilar almennra fjarskiptaneta skulu hafa rétt og, ef önnur fyrirtæki með leyfi fara fram á það, einnig skyldur til að gera samninga sín á milli um samtengingu með það fyrir augum að veita rafræna fjarskiptaþjónustu sem er öllum aðgengileg í þeim tilgangi að tryggja framboð og rekstrarsamhæfi þjónustunnar hvarvetna í bandalaginu. Rekstraraðilar skulu bjóða öðrum fyrirtækjum aðgang og samtengingu með skilmálum og skilyrðum sem samrýmast þeim skyldum sem innlent stjórnvald leggur á skv. 5., 6., 7., og 8. gr.

2. Almenn, rafræn fjarskiptanet sem komið er á fót til dreifingar á stafrænni sjónvarpsþjónustu verða að geta dreift breiðskjássjónvarpsþjónustu og dagskrá. Rekstraraðilar neta, sem taka á móti og endursenda breiðskjássjónvarpsþjónustu eða dagskrá, skulu viðhalda þessu breiðskjássniði.

3. Með fyrirvara um 11. gr. tilskipunar 2002/20/EB (heimildartilskipunar) skulu aðildarríki krefjast þess að fyrirtæki, sem fá upplýsingar frá öðru fyrirtæki áður en, á

meðan, eða eftir að samið er um fyrirkomulag vegnaaáðgangs eða samtengingar, noti þessar upplýsingar einungis í þeim tilgangi sem þær voru veittar til, og virði undantekningarlaust leynd þeirra upplýsinga sem eru sendar eða geymdar. Upplýsingarnar, sem þau fá í hendur, skal ekki senda til annarra aðila, einkum ekki annarra deilda, dótturfyrirtækja eða samstarfsaðila sem gætu haft ávinning af slíkum upplýsingum í samkeppni.

## 5. gr.

**Vald og ábyrgð innlends stjórnvalds með tilliti til aðgangs og samtengingar**

1. Innlent stjórnvald skal, í samræmi við markmiðin, sem sett eru í 8. gr. tilskipunar 2002/21/EB (rammatilskipunar), hvetja til þess og, eftir því sem við á, tryggja, í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar, fullnægjandi aðgang og samtengingu og rekstrarsamhæfi þjónustu, sinna þeirri skyldu á þann hátt að það stuðli að skilvirkni, sjálfbærri samkeppni og sé til sem mestra hagsbóta fyrir endanlega notendur.

Með fyrirvara um ráðstafanir sem kunna að vera gerðar varðandi fyrirtæki, sem hafa verulegan markaðsstyrk, í samræmi við 8. gr. skal innlendu stjórnvaldi einkum vera kleift að leggja á:

a) eftir því sem þurfa þykir til að tryggja tengingu enda á milli, skyldur á fyrirtæki sem stjórna aðgangi endanlegra notenda, þ.m.t. í rökstuddum tilvikum þá skyldu þeirra að samtengja net sín þar sem það hefur ekki þegar verið gert;

b) eftir því sem þurfa þykir til að tryggja aðgang endanlegra notenda að stafrænu hljóð- og sjónvarpi sem aðildarríkið tilgreinir, skyldur um að rekstraraðilar veiti aðgang að annarri aðstöðu, sem um getur í II. hluta I. viðauka, með skilmálum sem eru réttlátir, sanngjarnir og án mismununar.

2. Þegar skyldur eru lagðar á rekstraraðila að veita aðgang í samræmi við 12. gr. er innlendu stjórnvaldi heimilt að mæla fyrir um tæknileg eða rekstrarleg skilyrði sem veitandi og/eða rétthafi slíks aðgangs þarf að uppfylla í samræmi við lög bandalagsins ef það er nauðsynlegt til að tryggja að netið starfi eðlilega. Skilyrði, sem vísa til framkvæmdar sérstakra tæknistaðla eða forskrifta, skulu vera í samræmi við 17. gr. tilskipunar 2002/21/EB (rammatilskipunar).

3. Skyldur og skilyrði, sem komið er á í samræmi við 1. og 2. mgr., skulu vera hlutlæg, gagnsæ, hlutfallsbundin og án mismununar og skulu koma til framkvæmda í samræmi við málsmæðferðina sem um getur í 6. og 7. gr. tilskipunar 2002/21/EB (rammatilskipunar).

<sup>(1)</sup> Stjórn. EB L 108, 24.4.2002, bls. 51, og bls. 274 í þessu tölublaði EES-viðbættis.

4. Að því er varðar aðgang og samtengingu skulu aðildarríkin tryggja að innlent stjórnvald hafi vald til að grípa inn í að eigin frumkvæði í rökstuddum tilvikum eða, þar sem ekki er fyrir hendi samningur milli fyrirtækja, að beiðni annars hvors aðilans, sem hlut á að máli, í því skyni að tryggja markmið stefnunnar sem fram kemur í 8. gr. tilskipunar 2002/21/EB (rammatilskipunar) í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar og málsmeðferðina sem um getur í 6., 7., 20. og 21. gr. tilskipunar 2002/21/EB (rammatilskipunar).

### III. KAFLI

#### SKYLDUR REKSTRARAÐILA OG MÁLSMEÐFERÐ VIÐ ENDURSKOÐUN Á MARKAÐNUM

##### 6. gr.

#### Skilyrt aðgangskerfi og önnur aðstaða

1. Aðildarríkin skulu tryggja, að því er varðar skilyrtan aðgang að stafrænni sjónvarps- og hljóðvarpsþjónustu sem er útvargað til áhorfenda og hlustenda í bandalaginu, að skilyrðin, sem mælt er fyrir um í I. hluta I. viðauka gildi, óháð sendingaraðferðum:

2. Í ljósi markaðs- og tækniþróunar má breyta I. viðauka í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 14. gr.

3. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er aðildarríkjunum heimilt að leyfa innlendu stjórnvaldi, eins fljótt og unnt er eftir að þessi tilskipun öðlast gildi og reglulega eftir það, að endurskoða skilyrðin sem beitt er í samræmi við þessa grein með því að gera markaðsgreiningu í samræmi við fyrstu málsgrein 16. gr. tilskipunar 2002/21/EB (rammatilskipunar) til að ákvarða hvort viðhalda skuli, breyta eða afturkalla skilyrðin sem beitt er.

Ef innlent stjórnvald kemst að þeirri niðurstöðu í kjölfar markaðsgreiningar að einn eða fleiri rekstraraðilar hafi ekki verulegan markaðsstyrk á viðkomandi markaði er því einungis heimilt að breyta skilyrðum eða afturkalla þau, að því er þá rekstraraðila varðar, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 6. og 7. gr. tilskipunar 2002/21/EB (rammatilskipunar) að því marki að:

a) þessar breytingar eða afturköllun hafi ekki neikvæð áhrif á aðgengi endanlegra notenda að hljóð- og sjónvarpi og útværslum og þjónustu sem tilgreind er í samræmi við 31. gr. tilskipunar 2002/22/EB (tilskipunar um alþjónustu), og

b) þessar breytingar eða afturköllun hafi ekki truflandi áhrif á framtíðarhorfur fyrir virka samkeppni á mörkuðum fyrir:

i) smásölu á stafrænni sjónvarps- og hljóðvarpsþjónustu, og

ii) skilyrt aðgangskerfi og aðra aðstöðu.

Veita skal aðilum, sem slík breyting eða afturköllun á skilyrðum hefur áhrif á, hæfilegan uppsagnarfrest.

4. Skilyrði, sem sett eru í samræmi við þessa grein, hafa ekki áhrif á möguleika aðildarríkjanna til að leggja á skyldur með tilliti til framsetningarþáttar rafrænna dagskrárvísa og svipaðs skráningar- og leiðsögubúnaðar.

##### 7. gr.

#### Endurskoðun á fyrri skyldum um aðgang og samtengingu

1. Aðildarríkin skulu viðhalda öllum skyldum, sem þau leggja á fyrirtæki sem bjóða almenn fjarskiptanet og/eða þjónustu, að því er varðar aðgang og samtengingu, sem voru í gildi fyrir gildistöku þessarar tilskipunar skv. 4., 6., 7., 8., 11., 12. og 14. gr. tilskipunar 97/33/EB, 16. gr. tilskipunar 98/10/EB og 7. og 8. gr. tilskipunar 92/44/EB þar til þessar skyldur hafa verið endurskoðaðar og ákvarðað hefur verið í samræmi við 3. mgr.

2. Framkvæmdastjórnin tilgreinir viðkomandi markaði, að því er varðar skyldurnar sem um getur í 1. mgr., í upphaflegum tilmælum um viðkomandi markaði fyrir vörur og þjónustu og í ákvörðuninni þar sem tilgreindir eru millilandamarkaðir sem samþykka skal í samræmi við 15. gr. tilskipunar 2002/21/EB (rammatilskipunar).

3. Aðildarríkin skulu tryggja, eins fljótt og unnt er eftir að þessi tilskipun öðlast gildi og reglulega eftir það, að innlent stjórnvald geri markaðsgreiningu í samræmi við 16. gr. tilskipunar 2002/21/EB (rammatilskipunar) til að ákvarða hvort eigi að viðhalda, breyta eða afturkalla þessar skyldur. Veita skal aðilum, sem verða fyrir áhrifum af völdum slíkrar breytingar eða afturköllunar á skyldum, hæfilegan uppsagnarfrest.

##### 8. gr.

#### Skyldur lagðar á, þeim breytt eða þær afturkallaðar

1. Aðildarríkin skulu tryggja að innlent stjórnvald hafi vald til að leggja á skyldurnar sem tilgreindar eru í 9. til 13. gr.

2. Ef rekstraraðili telst, í kjölfar markaðsgreiningar sem gerð er í samræmi við 16. gr. tilskipunar 2002/21/EB (rammatilskipunar), hafa verulegan markaðsstyrk á tilteknum markaði skal innlent stjórnvald leggja á

skyldurnar sem settar eru fram í 9. til 13. gr. þessarar tilskipunar eftir því sem við á.

3. Með fyrirvara um:

— ákvæði 1. og 2. mgr. 5. gr. og 6. gr.,

— ákvæði 12. og 13. gr. tilskipunar 2002/21/EB (rammatilskipunar), 7. skilyrði í B-hluta viðaukans við tilskipun 2002/20/EB (heimildartilskipun) eins og þeim er beitt með skírskotun til 1. mgr. 6. gr. þeirrar tilskipunar, 27., 28. og 30. gr. tilskipunar 2002/22/EB (tilskipunar um alþjónustu) og viðeigandi ákvæða tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 97/66/EB frá 15. desember 1997 um vinnslu persónuupplýsinga og um verndun einkalífs á fjarskiptasviðinu <sup>(1)</sup> þar sem er að finna skyldur annarra fyrirtækja en þeirra sem teljast hafa verulegan markaðsstyrk, eða

— nauðsyn þess að standa við alþjóðlegar skuldbindingar,

skal innlent stjórnvald ekki leggja skyldurnar, sem settar eru fram í 9. til 13. gr., á rekstraraðila sem ekki hafa verið tilnefndir í samræmi við 2. mgr.

Ef innlent stjórnvald hefur í hyggju í sérstökum tilvikum að leggja aðrar skyldur um aðgang eða samtengingu en þær sem settar eru fram í 9. til 13. gr. þessarar tilskipunar á rekstraraðila með verulegan markaðsstyrk skal það leggja beiðni þar að lútandi fyrir framkvæmdastjórnina. Í samræmi við 2. mgr. 14. gr. skal framkvæmdastjórnin taka ákvörðun um að heimila eða koma í veg fyrir að innlent stjórnvald grípi til slíkra ráðstafana.

4. Skyldur, sem lagðar eru á samkvæmt þessari grein, skulu vera í samræmi við eðli vandamálsins sem tilgreint er, vera hlutfallsbundnar og rökstuddar í ljósi þeirra markmiða sem mælt er fyrir um í 8. gr. tilskipunar 2002/21/EB (rammatilskipunar). Slíkar skyldur skal einungis leggja á að höfðu samráði í samræmi við 6. og 7. gr. þeirrar tilskipunar.

5. Með tilliti til þriðja undirliðar fyrstu undirgreinar 3. mgr. skal innlent stjórnvald tilkynna framkvæmdastjórninni um ákvarðanir að leggja á, breyta eða afturkalla skyldur á markaðsaðila í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 7. gr. tilskipunar 2002/21/EB (rammatilskipunar).

9. gr.

#### Skylda um gagnsæi

1. Innlentu stjórnvaldi er heimilt, í samræmi við ákvæði 8. gr., að leggja á skyldur um gagnsæi með tilliti til

samtengingar og/eða aðgangs sem fela það í sér að þess er krafist af rekstraraðilum að þeir birti opinberlega upplýsingar, svo sem bókhaldsupplýsingar, tækniforskriftir, upplýsingar um eiginleika neta, skilmála og skilyrði fyrir framboði og notkun, svo og um verð.

2. Ef rekstraraðili hefur skyldum að gegna um bann við mismunun er innlentu stjórnvaldi heimilt að krefjast þess að rekstraraðili birti viðmiðunartilboð sem skal vera nægilega sundurgreint til að tryggja að fyrirtæki séu ekki krafín um að greiða fyrir aðstöðu, sem ekki er nauðsynleg fyrir þjónustuna sem óskað er eftir, og lýsir því sem í boði er, sundurliðuðu samkvæmt þörfum markaðarins og viðeigandi skilmálum og skilyrðum, þ.m.t. verði. Innlent stjórnvald skal m.a. geta fyrirskipað breytingar á viðmiðunartilboðum til að uppfylla skyldurnar sem lagðar eru á með þessari tilskipun.

3. Innlentu stjórnvaldi er heimilt að tilgreina nákvæmlega hvaða upplýsingar skal gera aðgengilegar, hversu nákvæmar þær þurfi að vera og með hvaða hætti þær skuli birtar.

4. Þrátt fyrir 3. mgr., ef rekstraraðili hefur skyldum að gegna skv. 12. gr. að því er varðar sundurgreindan aðgang að heimtaug úr samtvinnuðu vírapari, skal innlent stjórnvald tryggja birtingu viðmiðunartilboðs sem inniheldur a.m.k. þættina sem settir eru fram í II. viðauka.

5. Í ljósi markaðs- og tæknipróunar má breyta II. viðauka í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 14. gr.

10. gr.

#### Skylda um bann við mismunun

1. Innlentu stjórnvaldi er heimilt, í samræmi við ákvæði 8. gr., að leggja á skyldur um bann við mismunun með tilliti til samtengingar og/eða aðgangs.

2. Skyldur um bann við mismunun skulu einkum tryggja að rekstraraðilinn beiti sambærilegum skilyrðum við sambærilegar aðstæður gagnvart öðrum fyrirtækjum sem veita sambærilega þjónustu og láti öðrum í té þjónustu og upplýsingar með sömu skilyrðum og af sömu gæðum og hann veitir vegna eigin þjónustu eða þjónustu dótturfyrirtækja sinna eða samstarfsaðila.

11. gr.

#### Skylda um aðskilið bókhald

1. Innlentu stjórnvaldi er heimilt, í samræmi við ákvæði 8. gr., að leggja á skyldur um aðskilið bókhald með tilliti til tilgreindrar starfsemi að því er varðar samtengingu og/eða aðgang.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 24, 30.1.1998, bls. 1.



Einkum er innlendu stjórnvaldi heimilt að krefjast þess að fyrirtæki, sem eru samþætt lóðrétt, geri heildsöluverð sitt og innra millifærsluverð gagnsætt, m.a. til að tryggja samræmi ef krafist er banns við mismunun skv. 10. gr. eða, ef nauðsynlegt er, til að koma í veg fyrir óeðlilega vixlniðurgreiðslu. Innlendu stjórnvaldi er heimilt að tilgreina framsetningu og aðferðafræði sem notuð er við bókhaldið.

2. Með fyrirvara um 5. gr. tilskipunar 2002/21/EB (rammatilskipunar) til að auðvelda sannprófun á því að skyldur um gagnsæi og bann við mismunun séu uppfylltar skal innlent stjórnvald hafa vald til að krefjast þess að bókhaldsgögn, þ.m.t. gögn um tekjur frá þriðju aðilum, séu afhent sé þess óskað. Innlent stjórnvald getur birt slíkar upplýsingar ef það stuðlar að frjálsum samkeppnismarkaði og stríðir ekki gegn innlendum reglum og reglum bandalagsins um viðskiptaleynd.

### 12. gr.

#### Skyldur um aðgang að og notkun á sérstakri netaðstöðu

1. Innlendu stjórnvaldi er heimilt, í samræmi við ákvæði 8. gr., að leggja skyldur á rekstraraðila um að verða við réttmætum beiðnum um aðgang að og notkun á sérstökum neteiningum og tilheyrandi aðstöðu, m.a. við aðstæður þar sem innlent stjórnvald telur að synjun um aðgang eða óréttmætir skilmálar og skilyrði, sem hafa svipuð áhrif, muni hamla því að til verði sjálfbær samkeppnismarkaður á smásölustigi eða verði ekki til hagsbóta fyrir endanlega notendur.

Heimilt er m.a. að krefjast þess af rekstraraðilum:

- a) að þeir veiti þriðju aðilum aðgang að sérstökum neteiningum og/eða aðstöðu, þ.m.t. sundurgreindan aðgang að heimitaug;
- b) að þeir semji í góðri trú við fyrirtæki sem óska eftir aðgangi;
- c) að þeir afturkalli ekki aðgang að aðstöðu sem þegar hefur verið veittur;
- d) að þeir veiti tilgreinda þjónustu á grundvelli heildsölu sem þriðju aðilar annast endursölu á;
- e) að þeir veiti opinn aðgang að tæknilegum skilflötum, samskiptareglum eða annarri mikilvægri tækni sem er ómissandi fyrir rekstrarsamhæfi þjónustu eða sýndarnetsþjónustu;

- f) að þeir hýsi eða samnýti aðstöðu með öðrum hætti, þ.m.t. samnýting stokks, byggingar eða masturs;
- g) að þeir veiti tilgreinda þjónustu sem nauðsynleg er til að tryggja rekstrarsamhæfi þjónustu enda á milli til notenda, þ.m.t. aðstaða fyrir greindarnetsþjónustu eða reiki á farnetum;
- h) að þeir veiti aðgang að rekstrarstuðningskerfum eða svipuðum hugbúnaðarkerfum sem nauðsynlegur er til að tryggja sanngjarna samkeppni við veitingu þjónustu;
- i) að þeir samtengi net eða netaðstöðu.

Innlendu stjórnvaldi er heimilt að bæta við þessar skyldur skilyrðum sem taka til sanngirni, réttmæti og réttar tímasetningar.

2. Ef innlent stjórnvald er að íhuga hvort það eigi að leggja á skyldurnar, sem um getur í 1. mgr., einkum við mat á því hvort slíkar skyldur séu í réttu hlutfalli við markmiðin sem sett eru í 8. gr. tilskipunar 2002/21/EB (rammatilskipunar), skal það einkum taka tillit til eftirfarandi þátta:

- a) hvort mögulegt sé í tæknilegu og efnahagslegu tilliti að nota eða setja upp aðstöðu í samkeppnisskyni í ljósi þess hversu hröð markaðsprófunin er, að teknu tilliti til eðlis og tegundar samtengingar og aðgangs sem um er að ræða;
- b) hvort það sé gerlegt að veita þann aðgang sem lagður er til, miðað við þá getu sem er fyrir hendi;
- c) upphaflegrar fjárfestingar eiganda aðstöðunnar, að teknu tilliti til áhættunnar sem fylgir fjárfestingunni;
- d) nauðsynjar þess að standa vörð um samkeppni þegar til lengri tíma er litið;
- e) eftir því sem við á, hvers kyns viðeigandi hugverkaréttinda;
- f) framboðs samevrópskrar þjónustu.

### 13. gr.

#### Skyldur um verðlagseftirlit og kostnaðarbókhald

1. Innlendu stjórnvaldi er heimilt, í samræmi við ákvæði 8. gr., að leggja á skyldur að því er varðar endurheimt kostnaðar og verðlagseftirlit, þ.m.t. skyldur varðandi kostnaðartengingu verðs og kostnaðarbókhaldskerfi vegna veitingar sérstakrar tegundar samtengingar og/eða aðgangs

við aðstæður þar sem markaðsgreining gefur til kynna að skortur á virkri samkeppni þýði að hlutaðeigandi rekstraraðili geti haldið verði of háu eða beitt verðþvingunum sem skaða endanlega notendur. Innlent stjórnvald skal taka tillit til fjárfestinga rekstraraðilans og gera ráð fyrir sanngjörnum hagnaðarhlut hans af því fjármagni sem hann hefur fjárfest, að teknu tilliti til áhættunnar sem fylgir.

2. Innlent stjórnvald skal tryggja að hvers kyns aðferðir við endurheimt kostnaðar eða aðferðarfræði við verðlagningu, sem eru fyrirskipaðar, stuðli að skilvirkni og sjálfbærri samkeppni og séu til sem mestra hagsbóta fyrir neytendur. Í þessu tilliti er innlendu stjórnvaldi einnig heimilt að taka tillit til þess verðs sem er í boði á sambærilegum samkeppnismörkuðum.

3. Ef rekstraraðili hefur skyldum að gegna varðandi kostnaðartengingu verðlags hvílir sönnunarbyrði fyrir því að gjöld séu byggð á raunverulegum kostnaði, þ.m.t. sanngjörnum hagnaðarhlut af fjárfestingu, á hlutaðeigandi rekstraraðila. Að því er varðar útreikninga á kostnaði við skilvirka þjónustuveitingu er innlendu stjórnvaldi heimilt að nota bókhaldsaðferðir sem eru óháðar þeim sem fyrirtækið notar. Innlent stjórnvald getur krafist fyrirtæki um fullan rökstuðning fyrir því verði sem það setur upp og er heimilt að krefjast þess að verði sé breytt þegar það á við.

4. Innlent stjórnvald skal sjá til þess að ef fyrirskipað er að taka í notkun kostnaðarbókhaldskerfi í því skyni að styðja verðlagseftirlit geti almenningur fengið lýsingu á kostnaðarbókhaldskerfinu þar sem fram koma a.m.k. helstu flokkar kostnaðar og reglur sem notaðar eru við skiptingu kostnaðar ef um það er beðið. Óháður þar til bær aðili skal sannreyna að farið sé að reglum um kostnaðarbókhaldskerfið. Árlega skal birta greinargerð um hvort farið sé eftir reglunum.

#### IV. KAFLI

##### MÁLSMEDFERÐARÁKVÆÐI

14. gr.

##### Nefnd

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar fjarskiptanefndarinnar sem komið er á fót með 22. gr. tilskipunar 2002/21/EB (rammatilskipunar).

2. Ef vísað er til þessarar málsgreinar gilda 3. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, að teknu tilliti til ákvæða 8. gr.

3. Ef vísað er til þessarar málsgreinar gilda 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, að teknu tilliti til ákvæða 8. gr.

Tímabilið, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrjú mánuðir.

4. Nefndin setur sér starfsreglur.

15. gr.

##### Birting upplýsinga og aðgangur að þeim

1. Aðildarríkin skulu tryggja að sérstakar skyldur, sem eru lagðar á fyrirtæki samkvæmt þessari tilskipun, séu birtar og að sérstakar vörur/þjónusta og landfræðilegir markaðir séu tilgreind. Þau skulu tryggja að uppfærðar upplýsingar séu birtar opinberlega með þeim hætti að tryggt sé að allir hagsmunaaðilar eigi greiðan aðgang að þeim upplýsingum, að því tilskildu að upplýsingarnar séu ekki trúnaðarmál og einkum að þær feli ekki í sér viðskiptaleyndarmál.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni afrit af öllum upplýsingum sem birtar eru. Framkvæmdastjórnin skal koma þessum upplýsingum á framfæri þannig að auðvelt sé að ná til þeirra og dreifa þessum upplýsingum til fjarskiptanefndarinnar ef við á.

16. gr.

##### Tilkynningar

1. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni í síðasta lagi fyrir þann dag sem beiting hefst og um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 18. gr., um innlend stjórnvöld sem bera ábyrgð á þeim verkefnum sem sett eru fram í þessari tilskipun.

2. Innlent stjórnvald skal tilkynna framkvæmdastjórninni um heiti þeirra rekstraraðila, sem teljast hafa verulegan markaðsstyrk í skilningi þessarar tilskipunar, og skyldurnar sem eru lagðar á þá samkvæmt þessari tilskipun. Tilkynna skal framkvæmdastjórninni án tafar um allar breytingar, sem hafa áhrif á skyldurnar sem eru lagðar á fyrirtæki, eða um þau fyrirtæki sem ákvæði þessarar tilskipunar hafa áhrif á.

17. gr.

##### Endurskoðun

Framkvæmdastjórnin skal endurskoða framkvæmd þessarar tilskipunar og gefa Evrópuþinginu og ráðinu reglulega skýrslu, í fyrsta sinn eigi síðar en þremur árum eftir þann dag sem beiting hefst og um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 18. gr. Í þessu skyni er framkvæmdastjórninni heimilt að krefjast upplýsinga frá aðildarríkjunum sem skulu veita þær án ótilhlýðilegrar tafar.

18. gr.

##### Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykka og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 24. júlí 2003. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þau skulu beita þessum ráðstöfunum frá 25. júlí 2003.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

20. gr.

#### **Viðtakendur**

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni þau ákvæði úr landslögum, sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til, og allar síðari breytingar á þessum ákvæðum.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 7. mars 2002.

19. gr.

#### **Gildistaka**

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

P. COX

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

J. C. APARICIO

*forseti.*

*I. VIÐAUKI***SKILYRÐI FYRIR AÐGANGI AÐ STAFRÆNNI SJÓNVARPS- OG HLJÓÐVARPSÞJÓNUSTU SEM ER ÚTVARPAÐ TIL ÁHORFENDA OG HLUSTENDA Í BANDALAGINU****I-hluti: Skilyrði fyrir skilyrtum aðgangskerfum sem beita skal í samræmi við 1. mgr. 6. gr.**

Að því er varðar skilyrtan aðgang að stafrænni sjónvarps- og hljóðvarpsþjónustu sem er útvarpað til áhorfenda og hlustenda í bandalaginu óháð sendingaraðferðum verða aðildarríkin að tryggja, í samræmi við 6. gr., að eftirfarandi skilyrði gildi:

- a) skilyrt aðgangskerfi, sem eru í notkun á bandalagsmarkaðnum, skulu tæknilega þannig útbúin að stjórn þeirra sé hægt að yfirfæra á hagkvæman hátt að því er kostnað varðar, þannig að stað- eða svæðisbundnir rekstraraðilar neta geti haft fulla stjórn á þjónustu, sem notar slíkt skilyrt aðgangskerfi;
- b) allir rekstraraðilar skilyrtrar aðgangsjónustu, óháð sendingaraðferð, sem veita stafrænni sjónvarps- og hljóðvarpsþjónustu aðgangsjónustu sem útvarpsstöðvar treysta á til að ná til hvaða áhorfenda- eða hlustendahóps sem vera skal, skulu:
  - bjóða öllum útvarpsstöðvum, án mismununar og með réttmætum skilyrðum, sem samrýmast samkeppnislögum bandalagsins, tækniþjónustu, sem gerir áhorfendum eða hlustendum, sem hafa fengið afhenta afkóðara hjá rekstraraðilunum, kleift að taka á móti stafrænum sendingum útvarpsstöðvanna, í samræmi við samkeppnislög bandalagsins,
  - færa sérstaka fjárhagsreikninga yfir starfsemi sína sem veitendur skilyrts aðgangs;
- c) þegar réttahafar hugverkaréttar á sviði iðnaðar, að því er varðar skilyrt aðgangskerfi og vörur þeim tengdar, veita leyfi til framleiðenda neytendabúnaðar ber þeim að sjá til þess að það sé gert á réttlátan og sanngjarnan hátt og án mismununar. Að teknu tilliti til tæknilegra og viðskiptalegra þátta er rétt höfum óheimilt að setja þau skilyrði fyrir veitingu leyfa sem banna, hindra eða letja það að varan sé útbúin með:
  - annaðhvort sameiginlegum skilfleti sem gefur möguleika á tengingum við ýmis önnur aðgangskerfi, eða
  - möguleikum sem eru einkenni annars aðgangskerfis, að því tilskildu að leyfishafinn fullnægi viðeigandi sanngjörnum ákvæðum sem tryggja, að því er hann varðar, öryggi þeirra aðgerða sem rekstraraðilar skilyrtra aðgangskerfa stofna til.

**II-hluti: Annar búnaður sem heimilt er að binda skilyrðunum skv. b-lið 1. mgr. 5. gr.**

- a) Aðgangur að skilflötum notkunarforrita.
- b) Aðgangur að rafrænum dagskrárvísnum.

*II. VIÐAUKI***SKRÁ YFIR ÞAU ATRÍÐI SEM AÐ LÁGMARKI SKULU VERA Í VIÐMIÐUNARTILBÓÐI FYRIR SUNDURGREINDAN AÐGANG AÐ SAMTVINNUÐU VÍRAPARI HEIMTAUGARINNAR SEM TILKYNNTIR REKSTRARAÐILAR SKULU BIRTA**

Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „heimtaugargrein“ er hluti af heimtaug sem tengir nettengipunkturinn hjá áskrifanda við samantektarpunkt eða sérstakan milliaðgangspunkt í fasta, almenna talsímanetinu;
- b) „sundurgreindur aðgangur að heimtaug“ er aðgangur sem er að fullu sundurgreindur og veitir skiptan aðgang að heimtauginni; í því felst ekki breytt eignarhald á heimtauginni;
- c) „að fullu sundurgreindur aðgangur að heimtaug“ er þegar réttihafa er veittur aðgangur að heimtaug eða heimtaugargrein tilkynnts rekstraraðila með heimild til notkunar alls tíðnirófs samvinnnaða víraparsins;
- d) „skiptur aðgangur að heimtaug“ er þegar réttihafa er veittur aðgangur að heimtaug eða heimtaugargrein tilkynnts rekstraraðila með notkunarheimild fyrir ofan talbandið á samvinnnaða víraparinu; tilkynnti rekstraraðilinn notar áfram heimtaugina til að veita almenningi talsímabjónustu.

**A. Skilyrði fyrir sundurgreindum aðgangi að heimtaugum**

1. Hlutar netsins sem aðgangur er boðinn að og ná einkum til eftirfarandi þátta:
  - a) aðgangs að heimtaugum,
  - b) aðgangs að tíðnisviði heimtaugar utan talbandsins ef um skiptan aðgang er að ræða.
2. Upplýsingar um staðsetningu staða með efnislegum aðgangi <sup>(1)</sup> og tiltækar heimtaugar í tilteknum hlutum aðgangsnetsins.
3. Tæknileg skilyrði, tengd aðgangi og notkun heimtauga, þ.m.t. tæknilegir eiginleikar samvinnnaða víraparsins í heimtaugunum.
4. Málsmeðferð, að því er varðar pantanir og afhendingu, og notkunartakmarkanir.

**B. Hýsingarþjónusta**

1. Upplýsingar um viðkomandi staðsetningar tilkynnta rekstraraðilans <sup>(1)</sup>.
2. Valkostir um hýsingu á stöðum sem tilgreindir eru í 1. lið (þ.m.t. efnisleg hýsing, fjarhýsing þar sem við á, og sýndarhýsing).
3. Eiginleikar búnaðar: takmarkanir, ef einhverjar eru, á búnaði sem hægt er að hafa í hýsingu.
4. Öryggisatriði: ráðstafanir sem tilkynntir rekstraraðilar gera til að tryggja öryggi staða sinna.
5. Aðgangsskilyrði fyrir starfsmenn rekstraraðila sem eiga í samkeppni.
6. Öryggisstaðlar.
7. Reglur fyrir úthlutun rýmis þar sem rými fyrir hýsingu er takmarkað.
8. Skilyrði fyrir réttihafa til að skoða staði, þar sem efnisleg hýsing er fyrir hendi, eða staði þar sem beiðni um hýsingu hefur verið synjað vegna skorts á rými.

<sup>(1)</sup> Með hliðsjón af almannaoöryggi kann aðgangur að þessum upplýsingum að takmarkast við hagsmunaaðila.

**C. Upplýsingakerfi**

Skilyrði fyrir aðgangi að rekstrarstuðningskerfum tilkynnts rekstraraðila, upplýsingakerfum eða gagnagrunnum fyrir forpantanir, afhendingar, pantanir, beiðnir um viðhald og viðgerðir og gerð reikninga.

**D. Skilyrði fyrir afhendingu**

1. Frestur til að svara beiðnum um afhendingu þjónustu og aðstöðu; samkomulag um þjónustustig, úrbætur vegna bilana, reglur um það hvernig komið verði á ný venjulegri þjónustu og færð breytur um gæði þjónustunnar.
  2. Stöðluð samningsskilyrði, þ.m.t., eftir því sem við á, bætur veittar ef afgreiðslufresturinn er ekki virtur.
  3. Verð eða verðlagningarreglur fyrir hvern þátt, aðgerð og búnað sem skráð er hér að framan.
-